# Guttormur Erlendsson

Bjarni Benediktsson Guttormur Erlendsson – Gengislækkun – Styrkur úr Sáttmálasjóðnum

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-6, Örk 2

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur




Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Oxford 22/7 '39

Post Card

For Correspondence

Kæri vinur!

Mér finnst sjálfsagt af þér að koma hingað og sjá þig um einn dag. Við munum með mestu ánægju hitta þig sem bráðum. Lestirnar hingað fara frá Paddington. Bezt væri fyrir þig að taka lest, sem fer kl. $10^{15}$ frá London og kemur hingað kl. $11^{\underline{20}}$. Á þeim tíma verðum við þá sem sé á stöðinni hérna. Íslandi allt!

Guttormur

Address Only

OXFORD 22 JY 39

81

Prof. juris
Bjarni Benediktsson
14, Granvillestreet
(Riviera Hotel)
London W.C.1

POST OFFICE EXPRESS DELIVERY

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

München 1. apríl 1939

Kæri próf. Bjarni!

Þú verður að fyrirgefa, að ég skuli vera að ónáða þig með bréfaskriftum á þessum erfiðleika- og umrótatímum, sem nú virðast ríkja í íslenzku stjórnmálalífi í sambandi við gengisfallinu og myndun þjóðstjórnar. En svo er mál með vexti, að ég var núna að sækja um styrkinn úr Sáttmálasjóðnum og langaði því mjög til að biðja þig liðveizlu í því máli.

Samkv. ráðleggingu próf. Ólafs Lárussonar sótti ég um 4000 kr. styrk. Hann kvað mig þó að eins hafa von á að fá svo mikið, að ég færði fram einhverjar ástæður, sem gætu verið því til réttlætingar. Þetta er náttúrlega afar-sanngjarnt skilyrði, en vandinn er bara sá að sjá, hverjar ástæður hafa þessa eiginleika. Í umsókninni færi ég fram þær ástæður, sem mér er mögulegt: Ég verð úti þrisvar sinnum lengur en ætlazt er til að menn séu fyrir helmingi lægri styrkveitingu en þá, sem ég fer fram á. Þessum tíma skipti ég jafnt á milli Danmerkur, Þýzkalands og Englands, þeirra landa, sem Ísland hefir mest mök við. Náttúrlega les ég eins mikið og vilji minn leyfir, en auk þess verð ég á lögfræðingsskrifstofu í Berlín og London, og hef þannig mjög gott tækifæri til að kynnast rétti þessara landa í reyndinni. Ég verð nú að segja, að með velvilja geta þessar ástæður réttlætt 4000 kr. styrkveitingu. Mér er þó fullljóst, að til margs verður að taka tillit í þessum efnum, og að einhver atriði kunna að vera fyrir hendi, sem geri ykkur ókleift, að veita mér þennan styrk. En ég vona nú

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

samt, að svo sé ekki, og bið þig að leggja mér það liðsinni, sem þú telur þér fært.

Ég vil nota tækifærið til að spyrja um álit þitt á eftirfarandi atriði:

Í 61. gr. stjskr. segir, að ekki megi gera húsleit né kyrrsetja bréf og önnur skjöl og rannsaka þau, nema eftir .... sérstakri lagaheimild. Slík lagaheimild er náttúrlega fyrir hendi, ef lögin heimila beint slíkar aðgerðir. En er slík lagaheimild fyrir hendi, ef lögin heimila ráðherra að kveða svo á í reglugerð, að þessar ráðstafanir megi gera? Er það ekki óheimilt framsal löggjafans á valdi, sem stjskr.gjafinn hefir ætlað honum einum að beita? Ég spyr um þetta af því, að í 1. gr. gjaldeyrisl. 73/1937 kemur þetta tilvik fyrir. Það má kannske segja, að úr því að löggj. sé heimilt að setja þessi ákv. í lög, geti hann einnig bundið þau því skilyrði: að ráðherra setji reglugerðarákv. um það, og sé ég ekki aðra röksemd þessu til stuðnings. En hinsvegar hefir ætlun stjskr.gjafans vafalaust verið sú, að útiloka framkv.valdið frá þessum málum og því þyrfti skilyrðislausa heimild í lögum til slíkra ráðstafana. Mér þætti vænt um, ef þú vildir við tækifæri segja mér álit þitt á þessu.

Af mér persónulega er allt ágætt að frétta. Ég var í Höfn til áramóta; fór þá til Þýzkalands og hef verið í Dresden og München fram til þessa. Einhvern næstu daga fer ég til Berlin og kemst þar á lögfræðings-skrifstofu. Í júní er meiningin að fara til London, ef allt gengur að óskum, og vera þar til áramóta.

Ef þú skyldir geta séð tíma til að skrifa mér, væri bezt að adressera það

Dresden.- A. 19. Comeniusstr. 96 I. bei Prof. Werner. Hann veit alltaf, hvar ég held mig, og kemur því ev. bréfi til skila.

Ég orðlengi þetta þá ekki að sinni. Með fyrirfram þakklæti fyrir liðveizluna kveð ég þig með beztu kveðjum.

Guttormur Erlendsson

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur